Alþingi
Erindi nr. Þ 115/1262
komudagur 11/5 1992

UMFERÐAR RÁÐ
Borgartúni 33
150 Reykjavík
Sími 622000
Bréfsími 627500

08.05.92
ÓHÞ/öþþ

Allsherjarnefnd Alþingis
150 Reykjavík.

**Varðar frumvarp til laga um skaðabótalög - 250. mál.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar, dagsetts 31. mars 1992, þar sem óskað er umsagnar Umferðarráðs um ofangreint frumvarp.

Vegna þess hve hér er um viðamikið málefni að ræða sem varðar ekki umferðarmál nema að takmörkuðu leyti var málið ekki lagt formlega fyrir fund í Umferðarráði.

Að mati Umferðarráðs er aðalatriði málsins að þeir sem slasast alvarlega í umferðarslysum eigi að fá bætur í samræmi við þau meiðsl er þeir hafa orðið fyrir. Tryggi þau lög sem hér er verið að setja að svo verði álítur Umferðarráð lagasetningu þessa til bóta.

Beðist er velvirðingar á að svar barst ekki innan þeirra tímamarka er farið var fram á.

Óli H. Þórðarson
framkvæmdastjóri.